

## Verkefnslýding 30% verkefni.

Þetta er úr námsáætluninni.

**Verkefni/heimildaritgerð (30%):** Nemandi greinir frá eigin reynslu af samskiptum eða verknaði við íbúa og/eða starfsfólk á deildinni tengt ákveðnum atburði/-um sem hann tók þátt í eða varð vitni af á verknámstímanum. Gæta verður þó fulls trúnaðar í umfjöllun sinni. Leitastu við að útskýra á faglegan hátt viðbrögð þín og samferðafólksins við þeim kringumstæðum og rökstyðjið með heimildum. Verkefninu skal skilað á moodle eigi síðar en **16. mars 2025**.

### Nákvæmari lýsing á verkefninu.

#### Upplifun sjúkraliðanemans af hjúkrunarstörfum í ljósi fræðanna.

#### Skriflegt verkefni/ritgerð

- Þetta verkefni er um **samskipti, atburð, kringumstæður**, þ.e. eitthvað sem þið upplifðuð inn á deildinni (faglegt eða ófaglegt), tókuð þátt í, annað hvort eitthvað sem ykkur hefur þótt merkilegt og spennandi eða viðbrögð og uppákoma sem ykkur fannst erfið og þið þurfið að vinna úr til að skilja viðbrögð ykkar og tilfinningar.
- Þarna gefst tækifæri til að skoða heimildir um hvernig aðrir hafa brugðist við sömu kringumstæðum og hvers vegna þið bregðist við eins og þið gerið. Best er að velja eitthvað sem vakið hefur spurningar hjá nemandanum og stendur upp úr í endurminningunni frá verknámstímanum, eitthvað sem nemandanum fannst sérstök og lærdómsrík reynsla. Þetta verkefni er **ekki** um einstaka sjúklinga, sjúkdóma þeirra eða lækisfræðilega meðferð.
- **Þetta er einstaklingsverkefni sem byggir á upplifun þess sem skrifar og túlkun hans á þeirri upplifun. Þá upplifun tengir hann svo við heimildir.**
- Þið þurfið að skila inn til kennara umfjöllunarefnið og aðeins hvernig þið ætlið að vinna verkefnið (beinagrind). Þurfið að fá samþykki frá kennara um ritgerðarefnið og eiga þannig möguleika á leiðbeiningum.

**Athuga:** Kennarinn leiðréttir ekki stafsetningarvillur eða málvillur þegar að hann er að leiðbeina. Gott er lesa upphátt fyrir ykkur til að átta sig frekar á innsláttar/stafsetningarvillumog flæðinu í textanum. Fyrir endanleg skil er gott að láta einhvern sem þið þekkið lesa verkefnið yfir.

- **Lengd** verkefnis skal vera **um 1500-2000 orð**.
- Verkefnið skal vera með inngangi, meginmáli og lokaorði auk nákvæmri heimildaskrá og rétttri heimildanotkun.
- Verkefninu skal **skila** í turnitin skilakassa á moodle á skiladegi.

**Verkefnið verður metið út frá eftirfarandi þáttum:**

**Lýsing og umfjöllun um aðstæður frá eigin brjósti.**

Gefur nemandinn skýra og trúverðuga mynd af viðfangsefninu án þess að rjúfa trúnað við aðra sem þátt tóku í þeim atburði eða kringumstæðum sem um ræðir, skjólstæðinga eða samstarfsmenn?

**Fræðileg umfjöllun og tenging við fræðilegar heimildir.**

Velur nemandinn nýjar og „réttar“ / fræðilegar heimildir?

Notar hann þær til að rökstyðja og útskýra umfjöllun sína?

Sýnir hann gagnrýna hugsun á þær heimildir sem hann velur?

**Heimildanotkun og heimildaskrá, minnst 3 heimildir**

Eru að minnsta kosti 3 heimildir í heimildaskránni?

Eru fleiri heimildir notaðar en þær sem skráðar eru í heimildaskránni?

Er heimildaskráin færð rétt? – Farið að reglunum?

**Prófarkalestur og frágangur**

Er útlit verkefnisins snyrtilegt?

Er fyrirmælum um orðafjölda (1500-2000) og síðufjölda fylgt?

Er prófarkalestur vandaður?

Er skilað á réttum tíma.